

Reglugerð Íþróttá- og afrekssjóðs

1. grein

Sjóðurinn heitir **Íþróttá – og afrekssjóður** Grindavíkur og er í vörslu íþróttá- og æskulýðsnefndar.

2. grein

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum íþróttá- og æskulýðsnefndar. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga, og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

3. grein

Markmið sjóðsins er:

- Að styrkja íþróttafélög í Grindavík til að halda uppi öflugum íþróttá- félags- og ungmennastarfi.
- Að veita einstökum afreksmönnum á sviði íþróttá viðurkenningu og fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þátttöku í mikilvægum keppnum.
- Að, í samráði við stjórn UMFG, og önnur íþróttafélög í Grindavík, taka þátt í árlegri útnefningu og viðurkenningum til þeirra íþróttamanna innan UMFG sem hlotið hafa Íslandsmeistaratitil og auk þess vali á íþróttamanni Grindavíkur.

4. grein

Íþróttá- og æskulýðsnefnd úthlutar styrkjum úr sjóðnum og er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun nefndarinnar, en getur einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna. (sjá nánar í vinnureglum sjóðsins). Einungis íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands koma til greina við úthlutun styrkja.

Með umsóknum skulu fylgja:

- Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.
- Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Stjórn Íþróttá- og afrekssjóðs skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

5. grein

Greiðslur úr Íþróttá- og afrekssjóði eru annars vegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- Styrkir greiðast í tvennu lagi, helmingur þegar ákvörðun liggur fyrir og síðari hluti þegar styrktímabilið er hálfnað að fenginni greingargerð um nýtingu þess hluta sem þegar hefur verið greiddur. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingaskyldu eða telji

sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða víkja frá frekari styrkveitingum

b) Viðurkenningar greiðast fyrir unnin afrek á liðnu keppnistímabili.

Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

6. grein

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr íþrótt- og afrekssjóði skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjæftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur á þessum reglum getur íþrótt- og æskulýðsnefnd stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins. Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í bænum sé þess óskað af hálfu íþrótt- og æskulýðsnefndar.

7. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

1. Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun.
2. Frjáls framlög.
3. Vaxtatekjur.

8. grein

Uppgjör sjóðsins skal birta árlega með fundargerðum nefndarinnar.

9. grein

Reglugerð þessi tekur gildi þegar bæjarstjórn Grindavíkur hefur staðfest hana.

Drög samþykkt á fundi Íþrótt- og æskulýðsnefndar þann 6. apríl 2009

Samþykkt af bæjarstjórn 22. apríl 2009.